PEGASUS

# Starfsáætlun
# Félagsmiðstöðin Pegasus
# 2022-2023

Snorri Páll Þórðarson
snorrip@kopavogur.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## Dagskipulag

Vera með opið og vera til staðar fyrir ungmennin. Sinna hinum ýmsu verkefnum og rekstri á félagsmiðstöðinni Pegasus.

## Valáfangar sem forstöðumaður sér um

Ekkert valfag er í höndum starfsmanna Pegasus.

## Samstarf við skóla

Mikið og gott samstarf við skólann. Nemendaverndarfundir, óformlegir og formlegir fundir varðandi nemendur, uppsetningu og umsjón á t.d árshátíð og jólaballi.

## Miðstigsstarf

Miðstigsstarfið er hálfgerð kynning og undirbúningur á því hvernig félagsmiðstöðvastarf er þegar þau mæta á unglingastig.
Opið er fyrir 5.-7. bekk einu sinni til tvisvar í mánuði.

## Klúbbastarf

**Sjálfsást**: Sjálfstyrkingarklúbbur fyrir stelpur. Margvísleg verkefni sem sett fyrir hópinn. Mikilvægt að traust ríki innan hópsins.
**Nördaklúbbur**: Sértækt hópastarf, farið t.d. í vettvangsferðir og spilað. Markmið klúbbsins er að leiða þessa einstaklinga sem eru í klúbbnum saman því þetta er hópur sem oft á tíðum er ekki félagslega sterkur en með svipuð áhugamál og geta kynnst hjá okkur og það leitt til vinasambanda.
**D&D:** Spilað undir handleiðslu starfsmanns Pegasus. Nokkrir hópar komnir. Erum að fara með hópana í kynningu hjá Nexus í nóvember.
**Bökunarklúbbur**: 1x-2x í mánuði, bakað eða eldað inni í matreiðslustofu.
**Rækt:** Áframhaldandi vinna með hóp af einstaklingum sem voru í sérstæku hópastarfi í sumar í ræktinni og svona sjálfstyrkingu með okkur og hefur það skilað sér í vetur.

## Námskeið/Fræðsla sem félagsmiðstöðin stendur fyrir

Sameiginleg Forvarnarvika er ár hvert í október sem frístundadeildin stendur fyrir.
Pegasus ætlar að standa fyrir fræðslu á kvöldopnunum en ekki er ákveðið hvort það verður kynfræðsla eða Sólborg & Karlmennskan. 14. og 15. Nóvember eru fræðsludagar í skólanum og erum við búin að vera að funda og undirbúa með skólanum þessa daga og ætlum við að koma að framkvæmd þeirra. Við ætlum að taka að okkur hópefli, umræður og fleira. Ætlar Pegasus að veita fjármagn fyrir heilsulausnum sem ætla að vera með vímuefnafræðslu og fleira á þessum dögum.

## Hvaða starfsmenn koma að starfinu

Allir starfsmenn Pegasus koma að starfinu. Varðandi klúbba þá er það mismunandi, sumir eru með klúbba alla veturinn en aðrir skemur.

## Verkefni/viðburðir sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Flokkum dósir, pappa og plast í félagsmiðstöðinni. Ef einstaka unglingar sem búa við erfiðar heimilisaðstæður, til dæmis fjárhagslegar þá kannar forstöðumaður hvert tilvik og skoðar hvernig hægt er að aðstoða viðkomandi. Greitt hefur verið fyrir Pegasus peysur, inn á viðburði fyrir þessa einstaklinga og fleira. Jafnrétti haft að leiðarljósi.

## Viðburðir í vetur

Árshátíð miðstigs og unglingastigs, söngkeppni, Lan-mót, náttfatanótt, styrktarbingó og fleiri minni viðburðir.

## Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva

Getkó, Íþróttavika, söngkeppni, Lan-mót, skíðaferð, stuttmyndahátíð, forvarnarvika, sköpunardagur, nýársball og lokahátíð Félkó.

## Viðburðir í samvinnu við skóla

Jólaball & árshátíð fyrir miðstig & unglingastig.

## Sumaropnanir Pegasus

Félagsmiðstöðin Pegasus var opin fram í miðjan júlí fyrir unglingastig í opnunum og sértæku hópastarfi. Ein vika á þessu tímabili voru smiðjur fyrir miðstig.
Eftir þessar opnanir tók við flakkandi félagsmiðstöð sem heldur úti starfsemi í samstarfi við vinnuskóla Kópavogs fram í lok júlí.
Sértæka hópastarfið gekk vel fyrir sig en markmið þess var að fá þá einstaklinga sem voru með í hópastarfinu inn í vetrarstarfið. Við fórum í ræktina með strákum sem við vissum að ættu að vera að mæta í félagsmiðstöðina en voru lítið að mæta vegna þess að við vorum með mikið af erfiðum einstaklingum sem voru að hafa mikil áhrif á hópinn í heild sinni. Með styrkingu þessara hóps og að þeir finni hvað við viljum mikið hafa þá hjá okkur. Mikill meirihluti þeirra sem tóku þátt í sértæka hópastarfinu er að mæta mjög vel núna í vetur. Einn er í Ungmennaráði Kópavogs og 2 aðrir fóru á landsmót Samfés nú í október. Kvöldopnanirnar í sumar gengu vel. Mikið af sömu krökkunum sem mættu alltaf og síðan aðrir við og við. Opnanirnar eru nánast alltaf haldnar út úr húsi til að þetta sé smá aðskilið vetrarstarfinu.

## Unglingaráð

**Pegasusráð:** er opið öllum. Tekin eru viðtöl af starfsmönnum Pegasus og valið er inn í ráðið. Skipulagning á starfinu, dagskrárgerð, uppsetning og frágangur á viðburðum er meðal annars í "verklýsingu " ungmennanna.
**Félkóráð:** 2 einstaklingar úr Pegasus taka þátt í sameiginlegu ráði allra félagsmiðstöðva í Kópavogi. 2 fulltrúar frá öllum félagsmiðstöðvum sitja í ráðinu og ákveða sameiginlega viðburði. Á þessu ári var bætt við föstudagsopnunum en það var ósk ungmennaráðs Kópavogs.
Undirritaður, forstöðumaður Pegasus, er umsjónamaður Félkóráðs.

**Ungmennaráð Kópavogs:** Sameiginlegur fulltrúi Pegasus og Álfhólsskóla.

## Foreldrasamstarf

Forstöðumaður fer inn á námsefniskynningu fyrir allt unglingastigið og kynnir starf félagsmiðstöðvarinnar fyrir foreldrum. Lítið sem ekkert samstarf er við foreldrafélag og þarf að bæta það. Næst á dagskrá er að fara á fund með þeim. Send er mánaðardagskrá á forsjáraðila í byrjun hvers

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

mánaðar og aðrar tilkynningar.

## Verkferlar

- Allir verkferlar frístundadeildar
  Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Neyðaráætlun
  Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
  Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira
- Öryggisgátlisti
  Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
  Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
  Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla.

## Innra mat

Við höldum fjöldatölur yfir heimsóknir unglinga í Pegasus til að sjá aðsóknina og fáum upplýsingar frá R&G um skólann og hverfið sem við störfum í. Starfsfólk er hvatt til að segja skoðun sína og hafa áhrif á starfið á starfsmannafundum sem haldnir eru 1x í mánuði. Pegasus ráðið sem er skipað unglingum sem hafa áhrif á starfið og koma upplýsingum frá unglingum til forstöðumanns og starfsfólks.
Haldnir eru forstöðumannafundur annan hvern þriðjudag með deildarstjóra frístundadeildar.
Forstöðumaður situr nemendaverndarráðsfundi aðra hverja viku og síðan eru mikil samskipti milli forstöðumanns og stjórnenda og kennara skólans.

## Símenntun

Fræðslunámskeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starsfmannafræðslum yfir starfsárið sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

### Símenntunaráætlun

| Fræðsluerindi | Dagsetning | Efni | Fyrirlesari | Staðsetning |
|---|---|---|---|---|
| Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannanámskeið | 24. og 26.ágúst | Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópastarf | Áslaug Einarsdóttir | 24.8 Smáraskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi |
| Verndari barna | 5.september | Vernd barna gegn ofbeldi | Barnaheill - Guðrún Helga | Molinn kl 17:00-19:00. |
| Stjórnendafræðsla | 13.september | Jákvæð forystuhæfni/stjórnun | Ingrid Kuhlman | Fannborg 6 - Fundarherbergi Völlur |
| Skyndihjálp | Kemur síðar | Skyndihjálp | Athuga mannauðsdeild | Eloomi fræðsluvefur |

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Kynning á fræðslutorgi | 6.september-forstöðumannaf. | Eloomi fræðslu og námskeiðskerfi | Athuga mannauðsdeild | Harpa |
| Forvarnarvika – stjórnendafræðsla | 1.október | | Mánudagsfræðsla Gunnskóladeildar | Teams |
| Hvaðan ertu – stjórnendafræðsla | 1.nóvember | Fjölmenningarfræðsla | Miriam Petra | |
| Hvaðan ertu- | 7.nóvember | Fjölmenningarfræðsla | Miriam Petra | Fönix |
| Vika 6 | Kemur síðar | Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“. | Kolbrún Hrund- Jafnréttisfulltrúi hjá Rvk.borg | Molinn |
| „Verkfærakistudagur“ félagsmiðstöðvanna | 5.des | Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru | | |
| Skipulagsdagur hlutastarfsamanna | 10.maí | Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar. | | Dimma |

## Fjöldatölur 2021-2022




## Starfsfólk Pegasus

Snorri Páll Þórðarson – Forstöðumaður
Viktor Freyr Ómarsson – Frístundaleiðeinandi 1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Nikulás Árni Þorkelsson – Frístundaleiðbeinandi 1
Laufey Sigríður Guðmundsdóttir – Frístundaleiðbeinandi 1
Pétur Steinn Atlason – Frístundaleiðbeinandi 1
Einar Björn Þorgrímsson – Frístundaleiðbeinandi 1
Halldóra Elín Einarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi 1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026